

Sækið um Verðlaun fyrir deilingu & endurnýtingu (Sharing & Reuse Awards)!

Samkeppni ætluð opinberum stjórnsýslustofnunum

Þann 8. júlí sl. kynnti Framkvæmdastjórn ESB samkeppnina Verðlaun fyrir deilingu & endurnýtingu (Sharing & Reuse Awards) þar sem verðlaunaðar verða opinberar stjórnsýslustofnanir sem hafa með góðum árangri þróað og deilt UT-lausnum með möguleikum á frekari endurnýtingu.

Fyrstu verðlaun nema **EUR 15.000**, önnur verðlaun **EUR 10.000** og verða þau veitt sigurliðunum í hverjum fjögurra eftirfarandi flokka:

- Árangursríkt fordæmi um samstarf um að þróa og bjóða sameiginlegar UT-lausnir **yfir** landamæri
- Árangursríkt fordæmi um samstarf um að þróa og bjóða sameiginlegar UT-lausnir **innan eigin** ríkis
- Árangursríkt fordæmi um samstarf um að þróa og bjóða sameiginlegar UT-lausnir **innan eigin** landsvæðis
- Árangursríkt fordæmi um samstarf um að þróa og bjóða sameiginlegar UT-lausnir **innan eigin** héraðs

Þær lausnir sem berast verða metnar af matsnefnd sem í eiga sæti fulltrúar stofnana ESB. Þess vegna er ekki hægt að senda inn í samkeppnina lausnir sem þróaðar hafa verið af Framkvæmdastjórn ESB, Evrópuþinginu eða Evrópuráðinu.

Samkeppnin er fjármögnuð af áætlun Framkvæmdastjórnar ESB um Rekstrarsamhæfislausnir og sameiginlega ramma fyrir opinberar stjórnsýslustofnanir, fyrirtæki og borgara í Evrópu (ISA²) í framhaldi af aðgerðaáætlun þess, „Að deila og endurnýta“.

„Verðlaununum er ætlað að vekja athygli á bestu endurnýtanlegu verkefnum í þeirri von að verðlaunaféð muni auðvelda þeim opinberu stjórnsýslustofnunum sem þau hljóta að ná til fleiri með verkefni sín,“ segir Margarida Abecasis en hún hefur umsjón með [ISA² áætluninni](#).

Hvers vegna er mikilvægt að deila UT-lausnum og endurnýta þær?

Opinberar stjórnsýslustofnanir geta veitt evrópskum borgurum og fyrirtækjum betri, hagkvæmari og hraðvirkari þjónustu með því að nýta sér hágæða UT-lausnir fengnar frá öðrum. Það er fljótlegt að taka slíkar lausnir í notkun innan opinbera geirans og þannig að draga úr tíma og kostnaði við innleiðingu þeirra og viðhald.

Samtímis auðveldar samstarf um sameiginlegar lausnir opinberum stjórnsýslustofnunum það að miðla þekkingu. Opinberar stjórnsýslustofnanir bæta einnig samstarfshæfni sína, það er getuna til þess að skiptast á upplýsingum og túlka þau gögn sem berast, með því að þróa sameiginlega staðla og endurnýta UT-lausnir hvorrar annarrar. Síðast en ekki síst getur það stuðlað að aukinni samkeppni að deila UT-lausnum og endurnýta þær því þá fá fleiri fyrirtæki tækifæri til þess að veita opinberum stjórnsýslustofnunum UT-þjónustu.

Margar endurnýtanlegar UT-lausnir er nú þegar að finna á [Joinup-verkvangi](#) Framkvæmdastjórnar ESB. Vefsetrið er í raun hirsla fyrir verkfæri og þjónustu sem þróuð hefur verið af ESB-ríkjum og evrópskum stofnunum.

Er lausn þín hæf til þátttöku?

Lausnin þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði til þess að vera hæf til þátttöku í samkeppni um Verðlaun fyrir deilingu & endurnýtingu (Sharing & Reuse Awards).

- Hún var þróuð af eða fyrir **opinbera stjórnsýslustofnun / opinberar stjórnsýslustofnanir í aðildarríki ESB eða EFTA-ríki**
- Hún var **endurnýtt** af annarri opinberri stjórnsýslustofnun, einni eða fleirum
- Um er að ræða annað hvort opinn hugbúnaðargrunn (**open source**) eða þjónustu **sem deilt er**
- Lýsingu á lausninni er að finna í **Joinup**. (Sé lausnina ekki að finna á Joinup hefur Joinup-teymið samband við þig til að aðstoða þig við að birta hana eftir að þú hefur sótt um að koma til greina við úthlutun verðlaunanna).
- Lýsingin á lausninni er birt á **ensku**

Hafi lausnin verið þróuð í samstarfi við einkafyrirtæki fyrir hönd opinberrar stjórnsýslustofnunar, renna verðlaunin til þeirrar síðarnefndu.

Matsforsendur

Eftirfarandi forsendur verða lagðar til grundvallar mati á þeim lausnum sem taka þátt í samkeppninni:

1. **Hönnun lausnar:** Á hvað tækni byggist hún? Hvernig er lausnin byggð upp? Er hún kvarðanleg eða stækkanleg? Er um að ræða endurnýtingu á annarri þjónustu / hugbúnaðarlausnum eða stöðlum / opnum tæknilýsingum? Hvernig leyfisskipulag er notað?
2. **Stjórn lausnarinnar:** Hvaða fyrirtæki, stofnanir og ríki eiga aðild að stjórnunarferli lausnarinnar? Hvernig er þróun lausnarinnar og ráðstöfun hennar fjármögnuð?
3. **Áhrif/árangur:** Hvernig kemur lausnin opinberum stjórnsýslustofnunum að gagni? Hvaða kosti hefur lausnin í för með sér fyrir hagsmunaaðila og notendur? Hvernig kemur hún út í kostnaðar- og nytjagreiningu?
4. **Umfang endurnýtingar:** Hve margar stjórnsýslustofnanir hafa notfært sér lausnina og að hvaða marki? Eru einhverjar áþreifanlegar áætlanir fyrir hendi um endurnýtingu til framtíðar litið? Hve auðvelt er að taka lausnina í notkun í öðru samhengi en því sem hún var upprunalega þróuð fyrir?
5. **Sjálfbærni:** Hvernig er sjálfbærni lausnarinnar tryggð? Verður veittur áframhaldandi stuðningur? Verður lausninni viðhaldið til framtíðar litið?

Hvernig fer skráning í samkeppnina fram?

Þegar skráning í samkeppnina fer fram, ætti einn einstaklingur (tengiliður) frá þeirri opinberu stjórnsýslustofnun sem þróaði lausnina eða sem lausnin var þróuð fyrir að fylla út [skráningareyðublaðið](#). Vinsamlegast hafið í huga að leggja þarf fram á ensku umsókn, gögn henni til stuðnings og lýsingu á lausninni. Lausnin sjálf þarf hins vegar ekki að vera á ensku.

Leggja þarf fram umsókn í síðasta lagi **28. október 2016**.

Framkvæmdastjórn ESB sendir sigurvegurunum tilkynningu þar að lútandi með tölvupósti í lok janúar/byrjun febrúar 2017 og býður þeim til þátttöku í ráðstefnu um deilingu og endurnýtingu (Sharing and Reuse Conference) sem áformað er að halda í mars 2017. Úrslit keppninnar verða tilkynnt opinberlega og verðlaun afhent við athöfn sem haldin verður á ráðstefnunni.

Nánari upplýsingar um samkeppnina

[Samkeppnissíða á Joinup-verkvangnum](#)

[Verðlaun fyrir deilingu & endurnýtingu \(Sharing & Reuse Awards\) - Algengar spurningar \(FAQ\)](#)

Hafið samband við

DIGIT-SR-AWARDS@ec.europa.eu